

Dags. fundar: 25. maí 2011	Tími: 17:15	Nr. fundar: 10
Fundarboðari: Dags. samþ. á síðasta fundi.	Fundarritari: Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir	Staður: Sundlaugin Laugardal

Efni fundar:

1. *Mót framundan.*
2. *Dómaranámskeið að undanfögnu.*
3. *SSÍ mót.*
4. *Kosning dómara.*
5. *LEN*
6. *Önnur mál.*
 - a. *Kennslugögn á dómaranámskeiðum.*
 - b. *Netfang.*

Viðstaddir: Ólafur Baldursson, Steinunn Einarsdóttir, Björn Valdimarsson Ragnhildur Guðjónsdóttir og Ingibjörg E.L.Stefánsdóttir.

Boðuð forföll: Svanhvít G. Jóhannsdóttir.

Fjarverandi en boðaðir: Gunnlaugur Þráinsson.

Dagskrá:

1. AMÍ er næsta SSÍ. Mótið verður haldið á Akureyri 23.-26. júní n.k. Skráningarfrestur á mótið er til 13. júní. Óðinn á Akureyri heldur utan um skipulag mótsins og sér Gunnlaugur Þráinsson hjá Ægi um skráningar starfsmanna mótsins.
2. Ólafur Baldursson er búinn að halda dómaranámskeið á Sauðárkróki og Neskupasstað. Góð mæting var á bæði námskeiðin og mikill áhugi hjá nemum. Ólafur mun aðstoða við mót á Hofsósi sem fram fer laugardaginn 25. júní. Annars hefur hann hvatt nemana til að koma á AMÍ á Akureyri og fylgjast með hvernig SSÍ mót fer fram.
3. Hugmyndavinna er í gangi með að SSÍ haldi meistaramót í landsfjórðungunum. Fyrsta mótið af þessum toga yrði Norðurlandsmeistaramóti á Akureyri og hefur verið lagt til að sambærilega mót yrðu líka haldin á Austurlandi og Suðurlandi. Verið er að skoða hvort um yrði að ræða lágmarkamót.
4. Á hverju ári kjósa dómara einhver úr sínum röðum sem dómara ársins. Þessi kosning hefur farið fram í tengslum við ÍM25 en vangaveltur eru innan nefndarinnar að þessu fyrirkomulagi verði breytt og öllum dómurum standi til boða að kjósa rafrænt.

5. Ólafur Baldursson var á sundþingi LEN sem fór fram í Reykjavík 14. maí. Þar sem Ólafur hefur oft verið á fulltrúi á LEN þingum og þ.a.l. myndað sambönd við marga erlenda dómara mun hann verða á LEN þinginu sem fer fram í Kaupmannahöfn í september á þessu ári og hugsanlega mun annar fulltrúi fara líka.

6. **a.**
Kennslugögn sem notuð er á dómaramámskeiðum þarf að yfirfara og samræma en er það verkefni í höndum þeirra yfirdómara sem hafa séð um kennslu á námskeiðunum.
- b.**
Kannað verði með möguleika á að nefndin fái sérstakt netfang en þangað geti dómarar beint fyrirspurnum, umsóknum, mótaskýrslum o.fl.

Verkefni ákveðin á fundinum:

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgur</i>	<i>Ljúkist fyrir</i>
Möguleiki á rafrænni kosningu	RH & SE	Næsta fund.
Kennslugögn yfirfarin.	ÓB & BV	Haustið.
Netfang fyrir dómaranefnd	ÓB	Sem fyrst.

Fylgiskjöl: Engin.

Fundi slitið: kl. 18:20.

Næsti fundur: Miðvikudaginn 15. júní kl. 17:15 í Sundlauginni Laugardal.